

**Samráðsgátt stjórnvalda.
Frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála.
Niðurstöðuskjal.**

Frumvarpsdrög voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-127/2020) 3. júlí 2020 og var umsagnarfrestur til 8. ágúst 2020. Fjórtán umsagnir bárust á þeim tíma, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannauði – félagi mannaauðsfólks á Íslandi, Landssamtökunum Þroskahjálpi, Reykjavíkurborg, kærunefnd jafnréttismála, Kvenréttindafélagi Íslands, Jafnréttisstofu, samráðsvettvangi jafnréttisfulltrúa háskólaanna, Alþýðusambandi Íslands, BSRB og þremur einstaklingum.

Í flestum tilvikum er fyrirhugaðri lagasetningu fagnað þó svo að umsagnaraðila hafi greint á um einstaka atriði. Tekið var tillit til athugasemda eftir því sem tilefni var til, meðal annars er tekið undir það sjónarmið í greinargerð sem fram kom í nokkrum umsögnum að þekking á vinnurétti og mannaauðsmálum væri æskileg innan kærunefndar jafnréttismála þar sem flest erindi sem kærunefndin hefur tekið til meðferðar varða ráðningar, laun eða önnur kjör, sbr. umfjöllun í skýringum með 7. gr.

Einnig vöktu nokkrir umsagnaraðilar athygli á mikilvægi þess að Jafnréttisstofu yrði tryggð nægjanleg fjármögnun en í frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sem forsætisráðherra leggur fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að fjölga þurfi um eitt stöðugildi hjá Jafnréttisstofu vegna þessara nýju verkefna, sbr. kafla 6 í greinargerð með því frumvarpi.